

GLANSMYNDIR FYRR OG NÚ

EFTIR SIGURJÓN BALDUR HAFSTEINSSON

Danskur blaðamaður sagði Íslendinga safna glansmyndum af sjálfum sér. Við þekkjum nokkrar þeirra, en þetta er ekki nýtt fyrirbæri og það er ekki vinsælt að hrófla við þeim. Íslenska bændapjóðfélagið, þjóðfélag fátæktar, vanþróunar og kyrrstöðu, átti fáar ápreifanlegar glansmyndir og þessvegna var Fjallkonan búin til.

ÞANNIG farast þúli orðin í lok fyrsta þáttar heimildamyndarinnar *Þjóð í hlekkjum hugarfarsins* sem sýnd var á vordögum í Sjónvarpinu 1993. Fáar íslenskar myndir hafa vakjið jafnstærkt viðbrögð meðal Íslendinga og þessi „svi-virðilegi hryllingur“, eins og bóndi austan úr Árnessýslu kallaði myndina í lesendabréfi til *Morgunblaðsins*. Tóku margir í svipaðann streng og sögðu hana „furðulega aðför að íslensku bændasamfélagi“, aðrir töldu myndina vera tilraun til þess að „drepa niður alla íslenska þjóðerniskennd og fá menn til að skammast sín fyrir að vera Íslendingar“, og enn aðrir sögðu myndina lýsa fremur „hugarfarslegu hrófatilríki“ höfundar myndarinnar sem væri helst til þröngsýnn á Íslandssöguna. Sumir gengu jafnvel svo langt að líkja myndinni við áróðursmyndir þýskra nasista um gyðinga á fjórða áratug aldarinnar og jafnframt að sýning hennar í Sjónvarpinu hafi verið misnotkun á miðlinum. Skagfirskir bændur létu sitt ekki eftir liggja og á aðalfundi Búnaðarfélags Lýtingsstaðarhrepps gerðu þeir sérstaka bókun þar sem sýningu myndarinnar var harðlega mótmælt vegna þeirrar „einhæfu söguskoðunar og alhæfinga sem fram koma í þáttunum og villandi samanturði við önnur samfélög“.

Aðrir voru ekki eins neikvæðir í garð myndarinnar. Guðni Guðmundsson, fyrrverandi rektor Menntaskólans í Reykjavík, sagði t.d. í blaðaviðtali að sem stuðningsmaður málfræslis fyndist honum að öll blóm ættu að fá að blómstra. Gísli Gunnarsson, sagnfræðingur og ráðunautur við gerð myndarinnar, segir í stuttu blaðaviðtali það sitt mat að myndin sé „mikilvæg ögrun og viðspyrna við allri þeirri lygi sem búið er að hella yfir fólk“. Og ekki er hægt að ganga framhjá lesendabréfi sem barst DV en þar lýsir kona yfir ánægju sinni með þættina og sagði þá „besta sjónvarpsefni sem [hún] man eftir síðan Dall-as rann sitt skeið“.

Danski blaðamaðurinn Ulrik Hoy heldur því fram í nýlegri blaðagrein um Ísland og Íslendinga, að þjóðin sé að safna glansmyndum af sjálfri sér og að þær séu margar; fegursta náttúra í heimi, fallegustu konurnar, bestu hestarnir, gáfuðustu foringjarnir, sérstakasta tungumálið, hreinasta hafið, loftið, vatnið og ekki síst glæstasta fortíð í heimi. Blaðamaðurinn telur hins vegar að þessi sjálfmynd sé ekki sannleikanum samkvæm og rekur margt máli sínu til stuðnings. Í svipaðan streng tekur Þorgeir Þorgeirsson, rithöfundur og fyrrum kvikmyndagerðarmaður, en hann hefur haldið því fram að af íslenskum heimildarmyndum að dæmi þá bregði Íslendingar ávallt upp mynd af þjóðinni í sparifötum. Bæði Hoy og Þorgeir vilja skýra þessar myndir á þann hátt að þetta sé skiljanlegt vegna þess að þjóðin sé svo ung og hún sé ekki ennþá í veruleikatengslum og hegði sér því eins og barn eða ged-sjúklingur. Ég tel hins vegar að skýra megi glansmyndirnar á annan hátt. Ég tel að þær þjóni frekar hlutverki réttlættingar á óbreyttri sjálfmynd fremur en að vera Íslendingum athvarf frá raunveruleikanum. Á þeim grundvelli tel ég að skýra megi sterk viðbrögð Íslendinga við myndinni *Þjóð í hlekkjum hugarfarsins*.

Goðsögur sem réttlætting

Glansmyndirnar er hægt að líta á sem goðsögur. Ýmsir mannfræðingar hafa bent á að draumar og goðsögur séu notaðar sem réttlætting á menningarástandi og félagsskipan. Mannfræðingurinn Bronislav Malinowski taldi það t.d. hlutverk goðsagna að réttlæta siði og hegðun hópsins. Annar þekktur fræðimaður, Mircea Eliade, taldi að goðsögur væru mikilvægar í allri félagsmótun, þar sem hefðin er talin helg og tímalaus. Hefðin segir til um upphaf eða sköpunarsögu menningar og þjóðfélagsstarfs hópsins. Í svipaðan streng tekur Roland Barthes sem heldur því fram að goðsagnir þjóni pólitísku hlutverki með því að breiða yfir hlutverk stjórnmálanna í hverskyns hugmyndafræði. Barthes telur að merking goðsagna eigi sér rætur í sögunni. Goðsagnir hins vegar „fjarlægja“ þessa sögu með því að umbreyta hinum sagnbundna veruleika í náttúrulegt ástand. „Goðsagnir“, segir Barthes, „eru þessi lævís og ósveigjanlega krafta um að allar manneskjur kannist við sig innan þessara mynda, alltaf...“ Goðsagnir birta þannig heim sem er án þversagna vegna þess að sögulega dýpt vantar.

Á þessum grunni byggja mannfræðingarnir Gísli Pálsson og Paul Durrenberger greiningu sína á sjálfsmynd Íslendinga, en þeir hafa haldið því fram að allur ágreiningur á Íslandi verði að segjast undir rós vegna þess að hér á landi ríkir goðsögn um að allir íbúar landsins séu jafningjar. Þeir sem halda öðru fram þykja ekki sannfærandi. Durrenberger telur jafnframt að Íslendingar leggi ríka áherslu á einstaklinginn í þeim tilgangi að halda reglu í þjóðfélaginu, þar sem sú sýn dregur athyglina frá samfélagsgerðinni og árekstrum á því sviði.

Þjóð í hlekkjum hugarfarsins

Í sem stystu máli fjalla allir fjórir þættir myndarinnar *Þjóð í hlekkjum hugarfarsins* um afmörkuð efni. Fyrsti þátturinn fjallar um vistarbandið og áhrif þess á samfélagsgerðina. Annar þáttur fjallar um sjávarútveg bændna og hvernig þeir stöðu í veginum fyrir uppgangi hans. Þriðji þáttur fjallar um „hagkerfi dauðans“ eða hvernig hagkerfið allt fram á 19. öld virðist hafa verið hannað til að halda uppi ákveðnum fjölda fólks og þegar fólksfjöldinn hafði farið yfir þá tölu, stráféll fólk út um allt land. Síðasti þátturinn fjallar svo um grimmd og sjálfsselsku bændna fyrir á öldum og hvernig sauðkindin, „þessi litla ljóta skepna“ eins og hún er kölluð í myndinni, hefur setið í fyrirrúmi hjá bændum og eytt íslenskri náttúru. Inn í þessa fjóra þætti fléttast svo þræðir sem fjalla um sitthvað sem viðkemur íslensku samfélagi; viðhorf og meðferð bændna til barna og kvenna, notagildi íslenskra laga og markmið þeirra, viðbrögð fólks við dauðanum, takmarkanir sagnaritunar, kynlíf og blóðskömm, svo nokkur atriði séu nefnd.

Myndin er fyrir margar sakir frábrugðin öðrum íslenskum heimildamyndum. Hún er um fjórir tímar að lengd, á meðan heimildamyndir eða annað efni fyrir sjónvarp eru vanalega 30, 50 eða 90 mínútur. Myndin byggir á fræðilegum skrifum um íslenskt þjóðfélag og er óspart vitnað til fræðimanna er fjallað hafa um íslenska þjóðfélagsgerð. Myndin tekur ákveðna afstöðu til efnisins og



Fjallkonan unga, yngst af Norðurlöndum, óminn fær heyrt af dád frá systraströndum; bíður með Þrá, sem ástmey örmum þöndum eptir þeim svein, er leysi hana af böndum.

FJALLKONAN sem berbrjósta valkyrja á póstkorti frá árinu 1909.



SUMARKVEÐJA á póstkorti frá fyrstu árum aldarinnar: Fjallkonan í lítið eitt mildari útfærslu.

fer ekki í grafgötur með skoðanir höfundar á viðfangsefninu. Efnið er að sama skapi óvanalegt, vösbúið, dauðinn í íslensku samfélagi, græðgi og lestir manneskjunnar. Myndin beinir einnig sjónum sínum að valdleysi undir málsfólks í íslensku þjóðlífi, fyrr og síðar, s.s. barna, kvenna og samkynhneigðra.

Goðsagan um íslenska stjórnskipan sem fyrirmynd lýðræðisins og hin helgu vé á Þingvöllum á sér talsmenn í fjölmörgum íslenskum heimildamyndum. *Þjóð í hlekkjum hugarfarsins* kollvarpar þessum hugmyndum um endurreisn fornnar frægðar og fjallar um stjórnskipanina, hugsjónirnar og Þingvelli sem vanhelgun á þeim hugmyndum sem kenndir eru við þennan stað. Í myndinni segir t.d. um Þingvelli að það sé illur staður „saurgaður af angistarfullum andvökunóttum“ og að „Alþingi sjálft [hafi verið] herfileg skrípamynd. Þingmenn létu sig litlu varða þótt þúsundir manna færu á vergang og vesluðust upp úr hungri. Þeir lyftu ekki hendi eða fingri til að ráða bót á vitlausu hagkerfi. Þeir litu ekki svo á að þeir hefðu skyldur við almenn-ing. Þeir höfðu einungis skyldur við hina þingmennina, forrika yfirstétt, sem allt átti og öllu réð.“

Því hefur verið haldið fram að myndir sem teknar eru af fólki við hversdagslegar aðstæður séu vel til þess fallnar að svipta hulunni af goðsögum. Stíllinn leyfir fólkinu sjálfa að tala og afhjúpar þannig oft hetjumynd goðsagnamyndanna. *Þjóð í hlekkjum hugarfarsins* beitir þessu stílbragði, en á þann veg að aðstæður fólks eru leiknar. Á skjánum birtist fólk gangandi yfir heiðar og hjarn. Og oftar en ekki horfa áhorfendur í augun á fornar-lömbum bændaveldisins þar sem þau stara framan í myndavélina. Í öðrum myndskeiðum eru fjósamenn á leið í verin og önnur sýna mæður og börn skakklappast yfir nibbótt hraunið. Þetta eru ekki hetjumyndir af forfedrum Íslendinga. Þeirra hlutskipti er annað og ómerkilegra, að sinna skipunum húsbónda síns og róa til fiskjar á vertíðinni svo dæmi sé tekið. Þetta stílbragð brýtur niður hina uppblásnu mynd af lífi fólks á Íslandi sem finna má í mörgum íslenskum heimildamyndum. Í áðurtöldum myndskeiðum *Þjóðar í hlekkjum hugarfarsins* eru sveitalubbornir komnir, í þeim skilningi að vera kauðslegir og fávísir. Sveitamennirnir eru ekki upphafnir í eymd sinni, heldur sýndir umbúðalaust og oft við naprar aðstæður í smáum hópi, líkt og þegar fé er leitt til slátrunar á hausti eða sem fornarlömb hugmyndafræði sem þjónar hagsmunum hinna fáu útvöldu.

Niðurlag

Þjóð í hlekkjum hugarfarsins gengur þvert á réttlætisumræðu Íslendinga um sjálfa sig og þá ímynd sem bændur hafa haft í huga þjóðarinnar. Samkvæmt myndinni eru forfedur Íslendinga ekki lengur einsleitir hópur ósérhlífina hugsjónamanna, eins og goðsagan hefur gefið fyrirheit um, heldur misleitir mannsöfnuður og breyskur. Og samkvæmt goðsögunni hefur alltaf verið mannjöfnuður á Íslandi, en myndin rífur niður það lag og dregur fram í dagsljósið þjóðskipulag sem hygldi fámennri stétt bændna, en lét sig litlu varða hlutskipti almúgans.

Mannfræðingurinn Roger Keesing hefur haldið því fram að þeir sem aldri eru upp við goðsagnir um þjóðararf séu ekki líklegir til þess að fóstora gagnrýna hugsun um eigin sögu. Sé það rétt sem haldið hefur verið fram hér að ofan, að Íslendingar búi einvörðungu til „glansmyndir“ af sjálfum sér, er engin tilviljun að myndir sem fela í sér gagnrýnibrodd á íslenskt samfélag skuli kveikja heitar umræður á meðal áhorfenda. Umræðan sprettur af annarskonar mynd af fortíð eða samtíð en þeirri sem hin goðsögulega glansmynd segir til um.

Höfundur er mannfræðingur.